

## Náttúruverndarstofnun

Hvalfjarðarsveit  
Helga Harðardóttir  
Innrimel 3  
301 Akranesi

Garðabær, 3. mars 2025  
202501-0160/A.B.  
08.01

### **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 - 2032 - Galtarlækur - Athafna- og hafnarsvæði**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi vegna athafna- og hafnarsvæði í Galtalæk.

Í greinargerð kemur fram svæðið sem um ræðir er neðan þjóðvegur 1 og er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarland. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er unnið deiliskipulag fyrir svæðið. Áætlað er að stærð Galtarlækjar sé um 127 ha en stærð skipulagssvæðisins um 80 ha. Fyrirhugað er að á svæðinu verði starfsemi sem hýsi vörugeymslur, geymslusvæði, léttan iðnað og ýmiss konar þjónustusvæði, t.d. vegna hafnsækinnar starfsemi. Gert er ráð fyrir höfn og viðlegukanti sem muni þjónusta flutningaskipum og skemmtiferðaskipum.

#### **Samlegðaráhrif**

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um aðra núverandi og fyrirhugaða starfsemi í Hvalfirði og þá þætti sem geta valdið álagi, hnignun og raski á lífríki fjarðarins. Þar sem fjallað er um strandsjóinn Hvalfjörð segir að á vatnshlotið er skráð staðbundið álag - losun frá iðnaði, sem kemur frá iðnaðarsvæði álvers og járnblendis að Grundartanga. Áhrif þeirrar losunar eru óþekkt, nauðsynlegt er að samantekt um þau áhrif sem nú þegar hafi orðið liggi fyrir, við hverju megi búast vegna fyrirhugaðrar starfsemi og mat á hvort viðtakinn þoli það viðbótarálag .

#### **Vistgerðir og fuglalíf**

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

## Náttúruverndarstofnun

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Auk þess bendir Náttúruverndarstofnun á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.<sup>1</sup>

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

### Nákvæmni

Auk þess segir að hafa skal þó í huga að viðmiðunarmælikvarði vistgerðarkotlagningar er 1:25.000, þannig ekki er alveg öruggt að þessar vistir finnist innan marka skipulagssvæðisins.

Þar sem að sveitarfélagið telur að það sé ekki alveg öruggt að þessar vistgerðir finnist innan marka svæðisins bendir Náttúruverndarstofnunar á þann möguleika að svæðið verði kortlagt og greint með meiri nákvæmni m.t.t. til vistgerða.

Einnig vill stofnunin minna á að í kafla 4 skipulagsreglugerðar segir að ef óvissa er um áhrif á umhverfið, eða mat á áhrifum kallar á frekari rannsóknir og nánari athugun á síðari stigum, svo sem við gerð deiliskipulags og/eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skal gerð grein fyrir því í aðalskipulagstillögunni.

Hins vegar er nauðsynlegt að mati Náttúruverndarstofnunar að sveitarfélagið setji sér stefnu og leggi fram áætlanir um vernd og endurheimt vistgerða sem njóta verndar og hafa hátt verndargildi.

### Náttúruminjaskrá og mikilvægt fuglasvæði

Náttúruverndarstofnun bendir á að skipulagssvæðið er á jaðri svæða sem eru á náttúruminjaskrá<sup>2</sup>, tillögu Náttúrufræðisstofnunar að B-hluta náttúruminjaskrá<sup>3</sup> og skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.<sup>4</sup>

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hver áhrif aðalskipulags sveitarfélagsins hafi á verndarsvæðin.

---

<sup>1</sup> [Mófuglar | moi.hi.is](https://moi.hi.is)

<sup>2</sup> <https://natturuminjaskra.ni.is/>

<sup>3</sup> <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/hvalfjordur>

<sup>4</sup> <https://vistgerdakort.ni.is/>

## Náttúruverndarstofnun

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sveinn Kári Valdimarsson

**sérfræðingur**